

Ytra mat grunnskóla

# Urriðaholtsskóli

Nóvember 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Garðabæ.

Birna Sigurjónsdóttir og Svanhildur M. Ólafsdóttir

© Menntamálastofnun, 2021  
ISBN 978-9979-0-2712-6

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna .....	4
Skólaprófill .....	7
Upplýsingar um Urriðaholtsskóla .....	8
Niðurstöður .....	9
<i>Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta</i> .....	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	12
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	12
<i>Þáttur 2 – Nám og kennsla</i> .....	14
2.1 Inntak og námskrá .....	14
2.2. Árangur náms .....	14
2.3 Gæði kennslu.....	16
2.4 Skipulag náms.....	17
2.5 Námsvitund .....	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka.....	19
<i>Þáttur 3 – Innra mat</i> .....	21
3.1 Skipulag .....	21
3.2 Framkvæmd .....	21
3.3 Umbætur .....	22

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati Urriðaholtsskóla í Garðabæ sem fór fram á haustönn 2021. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla* og *innra mat*. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

### Stjórnun og forysta

#### Styrkleikar

- Stefna og sérstaða skólans er skýr og sýnileg í daglegu starfi.
- Skólanámskrá og starfsáætlun eru opinberar og birtar á heimasíðu skólans.
- Fram kemur í kennsluáætlunum hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Unnið er markvisst að því að þróa og efla lærdómssamfélag við skólann.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.
- Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram á teymisfundum og kennarafundum.
- Stuðlað er að markvissri starfsþróun kennara og starfsmanna bæði innan og utan skólans.
- Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Stjórnendur stýra innleiðingu þróunarverkefna af þekkingu og skilningi á breytingaferli.
- Stjórnendur leitast við að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg.
- Lögð er áhersla á að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum í föstudagspóstum og fréttabréfum frá stjórnendum.
- Ánægja foreldra með stjórnun skólans og frístundaþjónustu er marktækt yfir landsmeðaltali.
- Stjórnendur eru vakandi um samskipti alls starfsfólks og sjá um að ferli um samskipti og lausn mála séu skýr og virk.
- Stjórnendur leggja áherslu á hreinskipta samræðu um skólastarfið.
- Stjórnendur stuðla að jákvæðum samskiptum meðal allra í skólasamfélaginu.
- Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogaþæfni stjórnenda og kennara.
- Kennurum og starfsfólki finnst þau njóta trausts í starfi.

#### Tækifæri til umbóta

- Endurskoða skólanámskrá og starfsáætlun með það í huga að skilgreina betur hvaða þættir eiga að vera í hvoru skjali í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.
- Kynna fyrir nemendum sýn og stefnu skólans og vinna markvisst að því að gera þá að fullgildum fulltrúum í umræðu og ákvarðanatöku um skólastarfið.
- Finna enn frekar leiðir til þess að allt starfsfólk á leik- og grunnskólastigi séu ein liðsheid.
- Tryggja að framgangur og fundargerðir þróunarverkefna séu skráðar.
- Skrásetja með hvaða hætti gögn um árangur og líðan nemenda eru nýtt til að efla árangur þeirra.
- Skrá verlag um með hvað hætti upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra og nemenda.
- Virkja foreldra enn frekar til samráðs um stefnu skólans og starfshætti og leita markvisst eftir sýn og hugmyndum þeirra um skólastarfið.

- Kynna markvisst fyrir foreldrum stoðþjónustu skóla og sveitarfélags.
- Skoða leiðir til að foreldrar og annað starfsfólk komi að endurskoðun skólareglna/væntinga.
- Tryggja að verktakar sem koma að skólastarfinu skrifi undir trúnaðarskjal.
- Vinna enn frekar að því að gera upplýsingastreymi til starfsfólks skilvirkara.
- Tryggja að nýir kennarar fái markvissan stuðning og tengilið innan starfsmannahópsins.
- Skrá ábyrgðaraðila verkefna í skólanámskrá og/eða starfsáætlun.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Fjallað er um grunnþætti menntunar og lykilhæfni í skólanámskrá.
- Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum mældist marktækt hærri en landsmeðaltal í nýlegri könnun Skólapúlsins.
- Skólinn hefur mótað sýn um skóla án aðgreiningar og stuðningur við nemendur fer að mestu fram í námsaðstæðum nemenda.
- Námsaðlögun birtist í aðskildum kennsluáætlunum fyrir færnimiðaða hópa.
- Rökstudd einstaklingsnámskrá er unnin fyrir nemendur sem þess þurfa.
- Fylgst er með árangri og framförum nemenda og árangur skráður í daglegum fimíæfingum í lestri og stærðfræði.
- Meirihluti foreldra (90,5%) sem svöruðu nýlegri foreldrakönnun Skólapúlsins eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda.
- Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum er yfir landsmeðaltali 2018-2020, bæði í íslensku og stærðfræði.
- Samband nemenda við kennara mælist marktækt herra en hjá öðrum nemendum sem taka Skólapúlsinn.
- Skólinn hefur mótað stefnu um kennsluhætti og matsaðilar sáu stýrða kennslu og fimíþjálfun í framkvæmd.
- Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum í fjölbreyttum þemaverkefnum.
- Samskipti í skólanum eru jákvæð og skólabragur er góður

### Tækifæri til umbóta

- Birta á heimasíðu kennsluáætlanir fyrir allar námsgreinar í öllum árgöngum.
- Birta heildaráætlun um þemu sem unnið er að yfir skólaárið.
- Tilgreina í kennsluáætlunum hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og lykilhæfni.
- Í skólanámskrá og í kennsluáætlunum komi fram hvað felst í leiðsagnarmati og hver eru viðmið um árangur.
- Vinna markvisst að því að uppræta einelti í skólanum.
- Leggja aukna áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti og markvissa samvinnu nemenda.
- Leita leiða til að komast hjá að námstími nemenda fari í ferðir á milli skóla, íþróttahúss og sundlaugar.
- Auka vægi list- og verkgreina í námi nemenda og bæta aðstöðu til náms og kennslu í þessum greinum.
- Auka val nemenda um viðfangsefni og námsstíl.
- Þjálfar nemendur í að setja sér markmið og að meta eigið nám.
- Skrá upplýsingar um nemendaráð og menningarráð á heimasíðu skólans.

- Nemendur séu í auknum mæli hafðir með í ráðum um málefni sem varða þá.

#### Innra mat

##### **Styrkleikar**

- Starfsáætlun og ársskýrsla skólans lýsa á skýran hátt helstu niðurstöðum og framkvæmd innra mats.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og viðfangsefnum skólans.
- Fyrir liggur skammtíma- og langtímaáætlun um innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem koma að skólastarfinu.
- Niðurstöður innra mats og áætlanir eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.

##### **Tækifæri til umbóta**

- Móta og vinna sérstaka sjálfsmatsskýrslu þar sem fram koma allar áætlanir um innra mat ásamt umfjöllun um niðurstöður og umbætur.
- Tryggja að allir hagsmunaaðilar komi að matsteymi um innra mat og umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Upplýsingar um Urriðaholtsskóla

Urriðaholtsskóli er samrekinn leik- og grunnskóli, staðsettur við Vínatræti 1-3 í Garðabæ. Búið er að byggja fyrsta áfanga og verður farið í framkvæmdir á næsta áfanga vorið 2022. Íþróttahús og sundlaug koma svo í framhaldi. Í skólanum er ráðgert að vera með útibú frá Bókasafni Garðabæjar og Tónlistarskóla Garðabæjar.

Skólinn tók til starfa í apríl 2018 þegar fyrstu börn leikskólastigs hófu skólagöngu. Haustið 2018 tók grunnskólastig einnig til starfa og voru nemendur þá á yngsta stigi eða í 1.-4. bekk. Eftir það hefur grunnskólastig vaxið um einn árgang á hverju ári. Skólaárið 2021-2022 eru nemendur á grunnskólastigi í 1.-7. bekk. Samkennsla og teymisvinna eru einkennandi fyrir starfshætti skólans. Einnig er verið að innleiða nýjar leiðir í námi, stýrða kennslu og fimipjálfun, í samstarfi við Háskóla Íslands.

Vorið 2019 hóf starfsfólk vinnu við að ákveða og skilgreina þau einkunnarorð sem það vildi hafa að leiðarljósi í öllu starfi Urriðaholtsskóla. Gæðanefnd var skipuð og starfsfólki skipt upp í hópa við vinnuna. Margar tillögur bárust og niðurstaðan varð Virðing – Ábyrgð – Umhverfi.

Á haustönn skólaárið 2021-2022 eru 149 grunnskólanemendur í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	37	26	26	17	9	24	10			
Samkennsluhópar	2	2	1	2-3						

Starfsfólk Urriðaholtsskóla eru alls 86 á báðum skólastigum. Stjórnendur eru fimm, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri leikskólastigs og aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs, deildarstjóri stoðþjónustu fyrir bæði skólastigin og skrifstofustjóri.

Grunnskólakennarar eru 11, þar af starfa tveir kennarar sem sérkennarar á grunnskólastigi í 1,8 stöðugildi, annar einnig með menntun sem þroskaþjálfari. Tveir stundakennarar starfa í forföllum, báðir með kennsluréttindi. Af kennurum er einn leiðbeinandi.

Við skólann er starfandi frístund sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn umsjónarmanns.

Engir nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli á yfirstandandi skólaári. Þrír nemendur fá kennslu samkvæmt einstaklingsnámskrá og 26 nemendur á yngsta stigi og 21 nemandi á miðstigi eru með skilgreinda sérkennslu eða aðlagað námsefni.

### Upplýsingar vegna Covid-19

Skóla var ekki lokað vegna Covid-19 og engin skerðing var á kennslu en hliðra þurfti til í töflu þar sem ekki var hægt að færa starfsfólk á milli hóla. Engin kennsla féll niður en áætlunum var breytt að hluta.



# Niðurstöður

## Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna- stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga- hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	--	---

### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

Skólanámskrá og starfsáætlun skólans eru opinberar og uppfylla viðmið aðalnámskrár. Stefna skólans er skýr og sýnileg í starfsháttum. Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Fram kom í viðtölum við stjórnendur að þeir hafa forgöngu um að unnið sé markvisst eftir stefnu skólans. Áhersluatriði í stefnu sveitarfélagsins má sjá í stefnu skólans og skólanámskrá. Stefna aðalnámskrár, þar á meðal grunnþættir menntunar, eru skráðir í skólanámskrá og þar kemur fram hvernig unnið er með grunnþættina í daglegu starfi. Þegar skólanámskrá og starfsáætlun eru bornar saman eru margir sömu þættir sem koma fram í báðum þessu skjölum. Fram kemur í kennsluáætlunum hvernig unnið er með sýn og stefnu skólans.

Sérstöðu skólans er haldið á lofti í starfi skólans og samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun. Sérstaða skólans felst meðal annars í því að vera samrekinn leik- og grunnskóli. Fram kom í viðtölum við stjórnendur að gildi skólans, Virðing – Ábyrgð – Umhverfi, hafi verið unnin og valin með starfsfólki, nemendum og kennurum. Þar sem skólinn er á sínu fjórða starfsári hefur stefna skólans ekki verið endurskoðuð formlega.

Skólaráð kemur að stefnumótun skólans og foreldrum<sup>1</sup> er kynnt sýn og stefna skólans á heimasíðu skólans og á kynningarfundum en ekki kemur fram hvernig nemendum er kynnt sýn og stefna skólans. Skólaárið 2021-2022 eru fulltrúar nemenda í fyrsta sinn í skólaráði. Skólastjóri kemur að stefnumótun og ákvarðanatöku um skólamál í sveitarfélaginu. Fram kom í öllum rýnihópum að stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í daglegu tali og fréttáflutningi.

### 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur hafa faglegan metnað og væntingar til náms nemenda. Þeir vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu. Stjórnendur hafa forystu og skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun kennara og starfsfólks innan og utan skólans. Símenntunarstefna er skráð í skólanámskrá og starfsáætlun, byggir á stefnu skólans og þar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar. Fram kom í rýnihópum starfsfólks og kennara að stjórnendur deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar og hvetja fólk til þátttöku.

Samkvæmt fyrirbyggjandi fundaskipulagi eru reglulegir kennarafundir auk teymisfunda kennara á hverju stigi með aðstoðarskólastjóra og sérkennslustjóra þar sem fram fer ígrunduð og gagnrýnin samræða meðal stjórnenda og kennara um starfshætti, árangur og aðferðir varðandi framfarir nemenda í námi,

<sup>1</sup> Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

líðan og atferli. Niðurstöður ytra og innra mats varðandi framfarir nemenda og líðan eru nýttar til að efla starf skólans. Fram kom í rýnihópum stjórnenda og kennara að ráðgjöf og leiðsögn til að nýta niðurstöður og gögn er á hendi stjórnenda.

Fram kom í rýnihópum stjórnenda, starfsfólks og kennara skólans á grunnskólastigi að starfshópurinn lítur á sig sem eina liðsheild. Í viðtali við skólastjóra kom fram að áhersla sé lögð á að allir starfsmenn á leik- og grunnskólastigi séu einn starfsmannahópur. Það hefur þó reynst erfitt síðasta árið þar sem ekki hefur verið hægt að vera með sameiginlega starfsmannafundi á leik- og grunnskólastigi. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna skólastarfið og fram kom í rýnihópum stjórnenda og kennara að lögð er áhersla á hreinskipta samræðu um skólastarfið og þróun þess.

### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk. Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í starfi skólans. Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun og skólanámskrá. Þar kemur fram að mikilvægt sé að efla samstarf og samskipti við foreldra um þróun og skipulag skólastarfsins. Það sama kemur fram í viðtali við skólastjóra en vegna Covid-19 þá hefur það reynst erfitt á síðustu tveimur skólaárum þar sem foreldrar hafa lítið geta komið inn í skólann.

Foreldrakönnun Skólapúlsins<sup>2</sup> var lögð fyrir í maí 2021. Niðurstöður sýna að ánægja foreldra með stjórnun skólans er marktækt yfir landsmeðaltali, það sama á við um ánægju foreldra með frístundabjónustu. Um 86% foreldra telja að agi í skólanum sé hæfilegur og er það um 9,5% yfir landsmeðaltali. Niðurstöður sýna þó einnig að ánægja foreldra með heimasíðu skólans og máltíðir í mötuneyti eru marktækt undir landsmeðaltali. Ánægja með upplýsingar um stefnu skólans og námskrá til foreldra mælist um 63% sem er um 8% undir landsmeðtali. Þegar spurt er um væntingar foreldra til háskólanáms þá er sá þáttur marktækt yfir landsmeðaltali en væntingar til iðnnáms undir en þar er ekki marktækur munur.

Fram kom í rýnihópum stjórnenda, kennara og foreldra að upplýsingar um skólastarfið berast til skólasamfélagsins með mánaðarlegum fréttabréfum stjórnenda og föstudagspóstum frá kennurum. Fram kom í rýnihópum stjórnenda að upplýsingar um stoðþjónustu skólans og sveitarfélagsins er að finna í skólanámskrá en ekki hefur verið almenn kynning á þessum þætti fyrir foreldra.

Fram kom í rýnihópum stjórnenda og kennara að samskipti við grenndarsamfélagið eru til staðar, má þar meðal annars nefna samstarf við golfklúbbinn Odd í Urriðaholti, þá er áhugi fyrir því meðal stjórnenda og kennara að þróa enn frekari tengsl við grenndarsamfélagið.

Skólaráð er skipað fulltrúum frá báðum skólastigum, leik- og grunnskóla auk fulltrúa nemenda og grenndarsamfélags. Gert er ráð fyrir fjórum fundum skólaráðs á hverju skólaári og var fyrsti fundur ársins í haust en minna hefur verið um fundi vegna Covid-19 eins og sjá má í fundargerðum á heimasíðu skólans. Þá kemur fram að áætlað sé að halda opinn fund skólaráðs í maí 2022 ef aðstæður leyfa. Fram kom í rýnihópi skólaráðs og foreldra að skólaráð hafi komið að því að fara yfir skólanámskrá og koma með ábendingar og athugasemdir. Verkefni skólaráðs eru skráð í skólanámskrá.

### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Þróunarverkefni Urriðaholtsskóla eru hluti af og fléttast inn í starfshætti skólans. Fram kemur í skólanámskrá að verið sé að þróa og vinna með gagnreyndar, árangursríkar kennsluáferðir. Má þar

---

<sup>2</sup> Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur fyrir staðlaðar foreldra-, nemenda-, og starfsmannakannanir fyrir skóla.

meðal annars nefna stýrða kennslu (direct instruction, explicit teaching), fimipjálfun sem byggð er á aðferðum Precision Teaching, daglegt útihreysti í upphafi dags, KVAN sem er þjálfun í félags-, samskipta, leiðtoga- og vináttufærni og teymisvinnu kennara. Lögð er áhersla á heildstæðan stuðning við jákvæða hegðun nemenda og starfsfólks.

Skólinn hefur gert samning við Rannsóknarstofu í atferlisgreiningu Háskóla Íslands um innleiðingu á raunprófuðum kennsluaðferðum. Samningurinn felur í sér samvinnu og samskipti beggja stofnana um kennslu, rannsóknir og þjálfun kennara á sviði raunprófaðra kennsluaðferða. Markmið þessa samnings er að styrkja faglega innleiðingu raunprófaðra kennsluaðferða, svo sem stýrðar kennslu (direct instruction) og fimipjálfunar sem byggir á kennsluaðferðinni Precision Teaching.

Mat á árangri og störfum er hluti af daglegu starfi stjórnenda. Lesferill og samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir nemendur. Skólapúlsinn og aðrar kannanir og skimanir á vegum skólans eru lagðar fyrir og má þar meðal annars nefna reglulegar skimanir og færnikannanir hvað varðar fimipjálfun í íslensku og stærðfræði sem er í þróun. Þá er framkvæmt mat á gæði framkvæmdar í stýrðri kennslu í lestri.

Fram kom í rýnihópum kennara og stjórnenda að unnið er með niðurstöður prófa og skimana en ekki kemur fram í gögnum skólans skráð verklag um með hvaða hætti niðurstöður eru nýttar í kennslu til að efla árangur nemenda. Þá liggur ekki fyrir skráð verklag skólans þegar kemur að upplýsingagjöf um árangur til foreldra og nemenda. Skýr verkferill er til staðar í skólanámskrá hvað varðar stoðþjónustu fyrir nemendur sem víkja frá í námi og atferli.

Fram kom í rýnihópum stjórnenda að skýrslur um þróunarverkefni eru hjá Þróunarsjóði Garðabæjar og birtar þar. Einnig kom fram að gerð væri grein fyrir þróunarverkefnum í ársskýrslum. Ekki kemur fram hvernig fylgst er með framgangi þróunarverkefna, hvort hann er skráður eða að haldnar séu formlegar fundargerðir. Gert er ráð fyrir viðeigandi starfsþróun í símenntunaráætlun skólans.

### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf stjórnenda. Daglegt starf er í meginatriðum vel skipulagt samkvæmt rýnihópum starfsfólks og kennara. Fram kom í rýnihópum stjórnenda, kennara og starfsfólks að samskipti og lausn ágreiningsmála eru skýr og virk. Þar kom einnig fram eins og fyrir er sagt að lögð er áhersla á hreinskipta samræðu þar sem allt starfsfólk hafi rödd.

Skipulag náms og kennslu byggist á teymisvinnu. Tveir til þrjú kennarar vinna saman og þeir eru með sameiginlega umsjón með nemendahópnum. Hvert teymi er með vikulega fundi til að skipuleggja starfið en hálf mánaðarlega funda stjórnendur með hverju teymi.

Fram kemur í skólanámskrá að skólareglur eru nefndar væntingar sem varða skólasamfélagið heild. Kennarar velja væntingar í samvinnu við nemendur og síðan eru þær æfðar reglulega og minnt á þær til að fyrirbyggja erfiða hegðun. Væntingar eru endurskoðaðar með reglulega millibili eftir þeim stuðningi sem viðkomandi hópur þarf. Skólavæntingar koma fram í skólanámskrá og verða endurskoðaðar þegar kemur til endurskoðunar hennar. Ekki kemur fram hvernig aðkoma foreldra og annars starfsfólks er að gerð og endurskoðun væntinga. Fram kom í rýnihópi nemenda að þeim er kynnt netöryggi.

Fram kom í viðtali við skólastjóra að öllu starfsfólki eru kynnt lög um persónuvernd og trúnað. Kennarar og starfsfólk skrifa undir trúnaðarskjal en verktakar sem koma að vinnu við skólann hafa ekki skrifað

undir trúnaðarskjal. Þá er fylgst með að aðbúnaður skólans sé öruggur í samræmi við reglur vinnueftirlits.

Nemendur eiga aðkomu að skólaráði og menningarráði samkvæmt viðtali við skólastjóra, ekki kemur fram í starfsáætlun eða skólanámskrá hvaða nemendur eru í þessum ráðum eða hvert hlutverk menningarráðs sé. Fram kom í viðtali við skólastjóra að nýbúið sé að stofna nemendaráð þar sem nemendur frá fimm ára til sjöunda bekkjar eiga aðkomu og að unnið sé að þróun þess.

#### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta. Skipurit er birt í starfsáætlun og verkaskipting stjórnenda er skýr. Starfslýsingar eru birtar í skólanámskrá skólans. Stjórnendur funda formlega vikulega og oftast ef með þarf. Þá kemur fram í fundaskipulagi að stjórnendur funda daglega á Teams í byrjun skóladags með hvoru skólastigi fyrir sig þar sem sett er upp skipulag dagsins. Í rýnihópi starfsfólks kemur fram að bæta þurfi upplýsingastreymi til þeirra um daglegt skólastarf og ýmsa viðburði. Það sama kom fram í viðtali við skólastjóra sem er að leita leiða til að þróa þennan þátt frekar.

Fram kom í rýnihópum stjórnenda og kennara að reynt er að skipa kennslu niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar eins og mögulegt er út frá stöðu skólans og starfsmannaveltu. Fram kom í viðtölum við stjórnendur að það eru fyrst og fremst þeir sem veita nýjum kennurum stuðning og leiðsögn ásamt kennurum í viðkomandi teymi. „Höfum verið að vera að fara inn, erum alltaf með hópa og sýnilegar“, segir í viðtali við stjórnanda. Þá kom einnig fram að aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sérkennslu fylgjast reglulega með kennslu og veita endurgjöf. Fram kom í rýnihópum kennara og starfsfólks að þeim er hrósað þegar við á og stjórnendur fylgjast með störfum annars starfsfólks.

Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar á ári. Fram kom í rýnihópum kennara og starfsfólks að stjórnendur eru vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn mála.

#### 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og hvetur aðra stjórnendur, kennara og starfsfólk til starfsþróunar. Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfi og þróun þess. Fram kemur í starfslýsingum og í lýsingum á innra mati hverjir bera almenna ábyrgð á verkþáttum en ekki er skráð við verkefnin sjálf hver er ábyrgðaraðili hvers verkefnis. Fram kom í viðtölum við stjórnendur að þeir leiða og bera ábyrgð á flestum sameiginlegum verkefnum.

Í starfsmannastefnu skólans sem birt er í skólanámskrá kemur fram að lögð er áhersla á opin og hreinskiptin samskipti og að starfsfólk hafi skýran vettvang til að koma óskum og athugasemdum á framfæri. Fram kemur í rýnihópum að millistjórnendum, kennurum og starfsfólki finnst þau njóta trausts í störfum sínum.

Stjórnendur, kennarar og starfsfólk eiga kost á að sækja sér faglega handleiðslu ef með þarf. Hvað varðar heilsuefingu starfsfólks þá kemur fram í rýnihópi kennara að starfshópurinn sjái um það sjálfur með margskonar áhugaverðum hópum og uppákomum.

## Styrkleikar

- Stefna og sérstaða skólans er skýr og sýnileg í daglegu starfi.
- Skólanámskrá og starfsáætlun eru opinberar og birtar á heimasíðu skólans.
- Fram kemur í kennsluáætlunum hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Unnið er markvisst að því að þróa og efla lærdómssamfélag við skólann.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.
- Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram á teymisfundum og kennarafundum.
- Stuðlað er að markvissri starfsþróun kennara og starfsmanna bæði innan og utan skólans.
- Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Stjórnendur stýra innleiðingu þróunarverkefna af þekkingu og skilningi á breytingaferli.
- Stjórnendur leitast við að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg.
- Lögð er áhersla á að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum í föstudagspóstum og fréttabréfum frá stjórnendum.
- Ánægja foreldra með stjórnun skólans og frístundaþjónustu er marktækt yfir landsmeðaltali.
- Stjórnendur eru vakandi um samskipti alls starfsfólks og sjá um að ferli um samskipti og lausn mála séu skýr og virk.
- Stjórnendur leggja áherslu á hreinskipta samræðu um skólastarfið.
- Stjórnendur stuðla að jákvæðum samskiptum meðal allra í skólasamfélaginu.
- Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogaþæfni stjórnenda og kennara.
- Kennurum og starfsfólki finnst þau njóta trausts í starfi.

## Tækifæri til umbóta

- Endurskoða skólanámskrá og starfsáætlun með það í huga að skilgreina betur hvaða þættir eiga að vera í hvoru skjali í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.
- Kynna fyrir nemendum sýn og stefnu skólans og vinna markvisst að því að gera þá að fullgildum fulltrúum í umræðu og ákvarðanatöku um skólastarfið.
- Finna enn frekar leiðir til þess að allt starfsfólk á leik- og grunnskólastigi séu ein liðsheild.
- Tryggja að framgangur og fundargerðir þróunarverkefna séu skráðar.
- Skrásetja með hvaða hætti gögn um árangur og líðan nemenda eru nýtt til að efla árangur þeirra.
- Skrá verklag um með hvað hætti upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra og nemenda.
- Virkja foreldra enn frekar til samráðs um stefnu skólans og starfshætti og leita markvisst eftir sýn og hugmyndum þeirra um skólastarfið.
- Kynna markvisst fyrir foreldrum stoðþjónustu skóla og sveitarfélags.
- Skoða leiðir til að foreldrar og annað starfsfólk komi að endurskoðun skólareglna/væntinga.
- Tryggja að verktakar sem koma að skólastarfinu skrifi undir trúnaðarskjal.
- Vinna enn frekar að því að gera upplýsingastreymi til starfsfólks skilvirkara.
- Tryggja að nýir kennarar fái markvissan stuðning og tengilið innan starfsmannahópsins.
- Skrá ábyrgðaraðila verkefna í skólanámskrá og/eða starfsáætlun.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Einkunnarorð Urriðaholtsskóla koma fram sem undirfyrirsögn í skólanámskrá skólans. Þau eru: Virðing – Ábyrgð – Umhverfi og voru valin af starfsmönnum og borin undir nemendahópinn og skólaráð sem komu að samþykkt einkunnarorðanna. Skilgreint er í námskrá hvað í einkunnarorðunum felst. Fjallað er um grunnþætti menntunar og lykilhæfni í skólanámskránni og í sumum kennsluáætlunum er tilgreint að unnið sé með þessa þætti þó ekki sé sagt hvernig. Yfirferð námsefnis eftir tímabilum kemur fram í sumum kennsluáætlunum. Vísað er í hæfniviðmið og markmið eru birt í þeim kennsluáætlunum sem liggja fyrir við matið. Kennsluáætlanir fyrir árganga og flestar námsgreinar eru birtar á heimasíðu en þær vantar fyrir flestar námsgreinar í 1. bekk og kennsluáætlanir í þema ná aðeins yfir hluta þeirra þátta sem vinna skal að í samfélagsfræði og náttúrugreinum.

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum mælist marktækt hærrí en að landsmeðaltali í nýlegri könnun Skólapúlsins. Aftur á móti hafa hlutfallslega færri foreldrar tekið þátt í að gera námsáætlun fyrir barn sitt en að landsmeðaltali og er munurinn marktækur.

Nemendum er mætt af virðingu, sagði stjórnandi í viðtali. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum og hæfileikum nemenda. Skólinn hefur mótað sýn um skóla án aðgreiningar, nemendum er raðað í færnihópa og flæði er á milli hópa þannig að nemendur geti unnið með styrkleika sína í sambærilegum hópum út frá færni. Gott aðgengi er að stoðþjónustu sveitarfélagsins en enginn sálfræðingur er starfandi eins og er.

Stuðningur við nemendur fer að mestu fram í námsaðstæðum nemenda en einnig er unnið einstaklingslega þegar við á. Námsaðlögun birtist í aðskildum kennsluáætlunum fyrir færni- og aðra hópa. Rökstudd einstaklingsnámskrá er unnin fyrir nemendur sem þess þurfa þar sem fram koma markmið og leiðir í proskapáttum og félagsfærni, einnig er tilgreindur sérfræðistuðningur og hvernig staðið er að eftirfylgd.

### 2.2. Árangur náms

Fylgst er með árangri og framförum nemenda og árangur skráður í daglegum fimíæfingum í lestri og stærðfræði. Niðurstöður kannana, lesfimi, samræmdra könnunarprófa og annars námsmats eru nýttar til auka árangur og framfarir einstaklinga.


Í skólanámskrá er fjallað um námsmat, þar kemur fram að áhersla er lögð á skráningar, frekar en lokaútkomu ákveðinna verkefna. Gögnum um námsframvindu nemenda er safnað jafnt og þétt yfir árið og í lok hvers skólaárs er heildar námsárangur nemenda tekinn saman og fá nemendur vitnisburðinn í formi umsagna. Frá og með vorönn 2021 eru hæfniviðmið nemenda metin og skráð í Mentor. Í kennsluáætlunum er tilgreint símat og leiðsagnarmat en ekki kemur fram hvað í því felst. Leiðsagnarnám snýst um að veita nemandanum leiðsögn sem hjálpar honum til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Markmiðin þurfa að vera skýr og vel skilgreind svo nemandinn, kennarinn og aðrir sem að náminu koma hafi sama skilning á því hvað sé til marks um að markmiðunum sé náð.

Meirihluti foreldra (90,5%) sem svöruðu nýlegri foreldrakönnun Skólapúlsins eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda og 98,5% svarenda telja að nemendum líði almennt vel í kennslustundum og mælist sú fullyrðing marktækt hærrí en að landsmeðaltali.

### Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnarkvarðiinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðiinn nær frá 0-60, meðaltalið er 30.

Birt er uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda í Urriðaholtsskóla er undir viðmiðum um birtingu einstök ár.




Mynd 1. Uppsafnað meðaltal nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum er yfir landsmeðaltali 2018-2020 bæði í íslensku og stærðfræði.

### Lesferill

Skólinn nýtir matstækið Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Árangur í lesfimi er aðeins yfir landsmeðaltali í 3. og 6. bekk haustið 2021 og í öðrum árgöngum um landsmeðaltal. Árangur í lesfimi var enn betri í mælingu um vorið, en í nýjum skóla þar sem eru miklar nemendabreytingar verða gjarnan sveiflur í árangri milli mælinga. Í september 2021 var þriðjungur nemenda við skólann nýir nemendur hans og allir taka þátt í lesfimumælingum.



Mynd 2. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiðs.





Mynd 3. Meðaltal lesinna orða og viðmið.

### Skólapúlsinn

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur í 1.-5. bekk um ánægju af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum. Ánægja með skólann mælist í heildina meiri en í sambærilegum skólum, ánægja af lestri mælist svipuð og líðan sömuleiðis en nemendur 1. bekkjar skora hæst í vellíðan í skólanum.

Skólinn notar einnig Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-7. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. 20 matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Svör nemenda skólans eru sambærileg (ekki marktækur munur) og svör annarra nemenda sem taka þátt á 12 af þessum 20 þáttum í könnun Skólapúlsins nú í haust. Samband nemenda við kennara mælist marktækt hærra en hjá öðrum nemendum sem taka Skólapúlsinn og tíðni leiðsagnarmats einnig. Áhugi og ánægja af þeim námsgreinum sem þar er spurt um er svipuð og á landsvísu, undantekning frá því er að áhugi á stærðfræði skorar hærra en að landsmeðaltali. Einelti og tíðni þess mælist aftur á móti meiri en hjá sambærilegum skólum.

### 2.3 Gæði kennslu

Matsmenn sátu í 19 kennslustundum hjá jafnmörgum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundirnar voru metnar góðar, fimm frábærar en í einni kennslustund töldu matsmenn að umbóta væri þörf. Nemendur voru almennt virkir og áhugasamir í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru.


Í Urriðaholtsskóla er leitast við að nota gagnreyndar, árangursríkar kennsluaðferðir, segir í skólanámskrá. Þessar aðferðir eru; stýrð kennsla, fimipjálfun, aðgreindar kennsluæfingar (Discret Trials) og PECS (The Picture Exchange Communication System).

Í vettvangsathugunum sáu matsaðilar stýrða kennslu og fimipjálfun í framkvæmd og flestir kennarar sem fylgst var með höfðu gott vald á þessum kennsluaðferðum.

Kennslustundir eru í ytra mati skráðar út frá kennsluáherslum kennara sem flokkaðar eru í þrjú flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluáherslur kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Matsaðilar sáu fræðandi kennsluáherslur í flestum (68%) kennslustundanna sem er ívið hærra en almennt í þeim skólum sem metnir hafa verið. Blöndu af fræðandi og leiðbeinandi í 26% stundanna en alfarið leiðbeinandi kennsluhætti í minnihluta stundanna (5%) eins og fram kemur á mynd 3.





Mynd 4. Kennsluáherslur.

Í íslensku og stærðfræði vinna kennarar eftir „handriti“ í stýrðri kennslu eða nákvæmum kennsluleiðbeiningum fyrir hverja kennslustund og var vísað í handritið þegar matsaðilar spurðu um áætlun stundarinnar. Að öðru leyti var vísað í kennsluáætlanir fyrir önnina sem flestar eru birtar á heimasíðu. Samfélagsfræði og náttúrufræði eru kenndar í þema þar sem unnið er að hæfniviðmiðum þessara námsgreina. Þemu eru kennd í lotum yfir skólaárið og á heimasíðu eru birt þemaverkefni haustannar en ekki heildaráætlun fyrir þessar námsgreinar.

Í vettvangsathugunum sást sjaldan að kennarar færu markvisst yfir hæfniviðmið eða markmið stundarinnar eða ræddu við nemendur um að hvaða hæfni væri verið að stefna að með náminu.

Hugað er námsþörfum bráðgerra nemenda í færnimiðuðum hópum og með því að leyfa þeim að fara á eigin hraða í námsefni.

## 2.4 Skipulag náms


Nemendum er kennt í samkennslu þriggja árganga á miðstigi og að hluta til er samkennsla árganga einnig á yngsta stigi í færnimiðuðum hópum í íslensku og stærðfræði en nemendum í 1. bekk er skipt í þrjá hópa. Í skólanámskrá kemur fram að „öllum nemendum er raðað í hópa eftir færni í efninu og þannig verður kennslan sem best miðuð að þörfum hvers og eins“. Kennarar á hvoru stigi fyrir sig vinna saman í teymisvinnu með tvo eða þrjá árganga.

Stýrð kennsla og fimiþjálfun gefa lítið svigrúm fyrir samvinnu og sköpun í sjálfstýrðu námi nemenda og kom það að nokkru leyti fram í vettvangsheimsóknnum matsaðila. Nemendur vinna jafnframt að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum í fjölbreyttum þemaverkefnum þar sem beitt er samvinnu, umræðum og sköpun miðað við það sem fram kemur í kennsluáætlunum og það sem matsaðilar sáu á vettvangi.

Á skóladagatali Urriðaholtsskóla eru 180 skóladagar nemenda, þar af sex skertir dagar og fimm uppbrotsdagar. Námstími nemenda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá sem birt er í aðalnámskrá grunnskóla. Hver dagur hefst á úthreysti eða jórgastund í 20 mínútur og síðan taka við lesfimiæfingar hjá öllum nemendum. Nemendur sækja kennslu í sundi á Álftanes og íþróttir í miðbæ Garðabæjar og því fer nokkur hluti af námstíma nemenda í ferðir á milli skóla, íþróttahúss og sundlaugar.

Val innan þema eru tvær stundir á stundaskrá yngra stigs en á stundaskrá miðstigs eru ekki skráðar valstundir. List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum fjórar vikur í senn, í smiðjunum er einnig kennd upplýsingatækni og kynheilbrigði. Á stundaskrá 1.-4. bekkjar eru 160 mín merktar list- og verkgreinum og á miðstigi 180 mín. Skólinn uppfyllir þannig ekki að fullu ákvæði aðalnámskrár um vægi list- og verkgreina í námi nemenda. Að hluta til fer þessi kennsla fram á heimasvæði nemenda þar sem list- og verkgreinastofur eru ekki í þessum byggingaráfanga skólans.

Kennslustundir í ytra mati eru skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Nemendur unnu einir að námi sínu í 74% af metnum kennslustundum sem er hærra hlutfall en almennt í þeim skólum sem metnir hafa verið. Blanda af hvorutveggja var í 26% stundanna en engin stund var alfarið skipulögð með samvinnu nemenda.



Mynd 5. Námsathafnir.

Nemendur nýttu upplýsingatækni í 21% kennslustundanna sem heimsóttar voru. Það er heldur minna en að meðaltali í skólum sem metnir hafa verið og kennarar einnig í 21% sem er aðeins lægra en að meðaltali. Í vettvangsathugunum reiknast það sem UT notkun ef einn eða fleiri nemendur nýta snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari nýtir UT svo sem varpar upp mynd/glærum.

## 2.5 Námsvitund

Nemendur voru virkir í kennslustundum sem heimsóttar voru og sýndu námi sínu áhuga. Fram kom í rýnihópi nemenda að þau þekkja ekki hæfniviðmið en kannast við markmið „kennarinn setur markmið“ og elstu nemendur segjast stundum setja sér markmið. Kennarar í rýnihópi sögðu að nemendum væri kennt að setja sér markmið og nefndu sem dæmi stærðfræði, þar sem þau ákveða hvað þau ætla að reikna í dag. Markmið voru sett á nemenda- og foreldrafundi í haust á bæði yngsta og miðstigi, sögðu þeir einnig. Markmiðin eru svo metin á fundi í febrúar.

„Við fáum stundum að velja verkefni en oftast ræður kennarinn“, segir í rýnihópi nemenda og „oftast ræður kennarinn líka hverjir vinna saman í hópum“. Skemmtilegast er í stærðfræði og í íþróttum, að sögn nemenda í rýnihópi.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Á vettvangi sáu matsaðilar að samskipti í skólanum eru jákvæð og skólabragurinn er góður. Samband nemenda við kennara mælist marktækt hærra en hjá öðrum nemendum sem taka Skólapúlsinn eins og áður er komið fram.

Skólastjóri og kennarar í rýnihópi greindu frá því að farið var af stað í haust með nemendaráð með nemendum frá 5 ára upp í 7. bekk. Einnig var stofnað menningarráð nemenda síðastliðið haust og nú eiga nemendur fulltrúa í skólaráði. Að sögn kennara hafa nemendur mikinn áhuga á þessum ráðum, „við erum að þróa þennan þátt“ segir skólastjóri. Upplýsingar um þátttöku nemenda í ráðum koma ekki fram á heimasíðu eða í gögnum skólans. Ekki kom fram hvort nemendur í ráðum og nefndum fá til þess sérstaka þjálfun og öðrum nemendum er ekki markvisst kynnt hvað fram fer í skólaráði eða nemendaráði.

### Styrkleikar

- Fjallað er um grunnþætti menntunar og lykilhæfni í skólanámskrá.
- Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum mældist marktækt hærra en landsmeðaltal í nýlegri könnun Skólapúlsins.
- Skólinn hefur mótað sýn um skóla án aðgreiningar og stuðningur við nemendur fer að mestu fram í námsaðstæðum nemenda.
- Námsaðlögun birtist í aðskildum kennsluáætlunum fyrir færnimiðaða hópa.
- Rökstudd einstaklingsnámskrá er unnin fyrir nemendur sem þess þurfa.
- Fylgst er með árangri og framförum nemenda og árangur skráður í daglegum fimíþjálfingum í lestri og stærðfræði.
- Meirihluti foreldra (90,5%) sem svöruðu nýlegri foreldrakönnun Skólapúlsins eru ánægðir með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda.
- Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum er yfir landsmeðaltali 2018-2020, bæði í íslensku og stærðfræði.
- Samband nemenda við kennara mælist marktækt hærra en hjá öðrum nemendum sem taka Skólapúlsinn.
- Skólinn hefur mótað stefnu um kennsluhætti og matsaðilar sáu stýrða kennslu og fimíþjálfun í framkvæmd.
- Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum í fjölbreyttum þemaverkefnum.
- Samskipti í skólanum eru jákvæð og skólabragur er góður

### Tækifæri til umbóta

- Birta á heimasíðu kennsluáætlanir fyrir allar námsgreinar í öllum árgöngum.
- Birta heildaráætlun um þemu sem unnið er að yfir skólaárið.
- Tilgreina í kennsluáætlunum hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og lykilhæfni.
- Í skólanámskrá og í kennsluáætlunum komi fram hvað felst í leiðsagnarmati og hver eru viðmið um árangur.
- Vinna markvisst að því að uppræta einelti í skólanum.
- Leggja aukna áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti og markvissa samvinnu nemenda.
- Leita leiða til að komast hjá að námstími nemenda fari í ferðir á milli skóla, íþróttahúss og sundlaugar.

- Auka vægi list- og verkgreina í námi nemenda og bæta aðstöðu til náms og kennslu í þessum greinum.
- Auka val nemenda um viðfangsefni og námsstíl.
- Þjálfarar í að setja sér markmið og að meta eigið nám.
- Skrá upplýsingar um nemendaráð og menningarráð á heimasíðu skólans.
- Nemendur séu í auknum mæli hafðir með í ráðum um málefni sem varða þá.

## Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsgður hluti af skólastarfinu. Umfjöllun um innra matið og helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starfið er að finna í skólanámskrá, starfsáætlun og ársskýrslu hvers árs. Langtímaáætlun um innra mat til ársins 2025 liggur fyrir og þar kemur fram að meta eigi fjögur svið skólastarfsins, uppeldis- og menntunarstarf, mannauð, stjórnun og skólabrag. Í starfsáætlun eru birtar innramatsáætlun og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021-2022. Meginumfjöllun um niðurstöður þeirra þátta sem innra matið hefur tekið á, birtast síðan í ársskýrslum hvers árs.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með reglubundnum hætti. Á vettvangi mátti sjá hvernig unnið er með færnimat í fimipjálfun nemenda í íslensku og stærðfræði sem er skipulagt ferli samofið daglegu skólastarfi og hluti af stefnu skólans.

Fram kemur í ársskýrslu 2020-2021 að mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram hvað varðar stefnu skólans um stýrða kennslu sem er lestrarkennsluaðferð skólans. Þar er talað um mat á gæði framkvæmdar sem er jafnframt hluti af þjálfun kennara og samanstendur af skráningu á ákveðnum þáttum samkvæmt mælitæki. Þessari skráningu er síðan fylgt eftir með kennaranum og honum leiðbeint um framvindu og árangur. Þegar kennari hefur náð 80% árangri samkvæmt viðmiðum þá er dregið úr þjálfun og mælingum. Mælingar, endurgjöf og skráning eru í höndum nema í hagnýtri atferlisgreiningu undir handleiðslu deildarstjóra skólans í sérkennslu sem einnig framkvæmir sama mat reglulega.

Val matsþátta byggir á stefnu skólans, markmiðum og helstu viðfangsefnum og þeir eru metnir reglubundið samkvæmt innramatsáætlun 2021-2022 sem sjá má í starfsáætlun. Þeir þættir sem eru skoðaðir í innramatsáætlun eru mælitæki, markhópur, tímasetningar og framkvæmd.

### 3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda. Stefnt er að því að skólaráð verði matsteymi skólans og þar hafa allir hagsmunaaðilar aðkomu. Fram kemur í starfsáætlun að jafnframt sé starfandi umbótateymi sem skipað er stjórnendum, skrifstofustjóra og fulltrúum af báðum skólastigum og fulltrúa frístundar.

Fram kemur í starfsáætlun í kafla um mat á skólastarfi og ársskýrslu 2020-2021 að skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmdum prófum og lesfímiskimunum, og eigin könnunum og skimunum í innra matinu. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem koma að skólastarfinu. Nemendakannanir Skólapúlsins eru framkvæmdar árlega og kannanir fyrir foreldra og starfsfólk annað hvert ár. Sjá má í starfsáætlun, í kafla um mat á skólastarfi og ársskýrslu 2020-2021 að innra matið byggir á fjölbreyttri gagnaöflun. Í viðtali við skólastjóra kom fram að innra mat hafi hafist strax á fyrsta starfsári skólans og að aðferðir við innra matið séu í stöðugri þróun.

### 3.3 Umbætur

Greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar og birtast í starfsáætlun, skólanámskrá og ársskýrslum. Í þessum skjölum koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið og þar er fjallað um niðurstöður og að hvaða marki helstu markmið og viðfangsefni skólans hafa náðst.

Niðurstöður innra og ytra mats eru kynnar skólaráði og þar fara fram samræður um niðurstöður. Fram kom í rýnihópi skólaráðs að þau hafi fengið kynningu á umbótaáætlun skólans. Samkvæmt starfsáætlun tekur umbótateymi skólans saman niðurstöður og leiðir vinnu við umbætur á þeim þáttum sem skýrsla um innra mat hefur leitt í ljós að þarfnist umbóta. Fram kemur í viðtali við skólastjóra að umræða um umbætur fari aðallega fram hjá stjórnendum, kennurum og starfsfólki og í framhaldi er sett fram umbótaáætlun.

Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum skólans og tækifærum til umbóta. Þar koma fram verkefni, markmið, leiðir, ábyrgð og mat á stöðu matsþátta í október 2021, ekki kemur fram að öðru leyti hvenær og hve oft staða matsþátta er tekin á skólaárinu.

Í ársskýrslu skólans 2020-2021 kemur fram umfjöllun um niðurstöður ytra og innra mats og þar kemur fram að skólinn getur sýnt fram á árangur og umbætur sem kerfisbundið hefur verið fylgt eftir.

#### **Styrkleikar**

- Starfsáætlun og ársskýrsla skólans lýsa á skýran hátt helstu niðurstöðum og framkvæmd innra mats.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og viðfangsefnum skólans.
- Fyrir liggur skammtíma- og langtímaáætlun um innra mat.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila sem koma að skólastarfinu.
- Niðurstöður innra mats og áætlanir eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Móta og vinna sérstaka sjálfsmatsskýrslu þar sem fram koma allar áætlanir um innra mat ásamt umfjöllun um niðurstöður og umbætur.
- Tryggja að allir hagsmunaaðilar komi að matsteymi um innra mat og umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.